

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## II. HLUTI

### Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: Þjóðhagfræði

Prófdagur: 22. janúar 2014 Kl.: 16:00-20:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 4 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin hjálpargögn leyfileg, má nota venjulega reiknivél sem ekki hefur textaminni eða er hægt að forrita. Fylgiblöð:

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## Hluti A (36%)

Svarið eftirfarandi sex spurningum sem hver gildir sex stig.

1. Lýsið hvernig reiknað er atvinnuleysi á vinnumarkaði. Hvaða stærðir koma við sögu, hvernig reiknast atvinnuleysishlutfallið á grundvelli þessara stærða? Lýsið með einföldu dæmi.
2. Skilgreinið hugtakið ruðningsáhrif í efnahagslífinu (e. crowding-out effect) og skýrið hvað átt er við í þessu sambandi með vísan til hagstærða sem máli skipta.
3. Hugtakið raungengi gjaldmiðils hefur þýðingu við mat á samkeppnisskilyrðum atvinnufyrirtækja. Skýrið hvernig þetta hugtak getur varpað ljósi á starfsskilyrði íslensks atvinnufyrirtækis í samkeppni við erlenda keppinauta.
4. Hvað er átt við með hugtakinu ríkisútgjaldamargfaldari? Sýnið áhrif hans á mynd.
5. Skýrið hugtakið verg landsframleiðsla og af hverju hún lækkar við að maður kvænist húshjálpinni sinni.
6. Gerum ráð fyrir að gengið á bandaríkjadal hafi verið 1,47 sterlingspund síðastliðinn þriðjudag en í gær föstudag var gengið 0,74 bandaríkjadalir á hvert pund. Hvað hefur gerst með gengi sterlingspundsins gagnvart dalnum? Rökstyðjið svarið.

## Hluti B (22%)

7. (10%) Skýrið hvernig peningar verða til í viðskiptabankakerfinu. Notið efnahagsreikninga banka og peningamargfaldarahugtakið til að varpa ljósi á svar ykkar.
  
8. (6%) Skilgreinið með hliðsjón af grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninga hugtakið þjóðhagslegur sparnaður. Lýsið hvernig hann greinist í tvo liði: Sparnað einkageirans og sparnað opinbera geirans.
  
9. (6%) Skýrið af hverju langvinnur halli á viðskiptajöfnuði (e. current account balance) leiðir til skuldasöfnunar þjóðarbúsins erlendis.

## Hluti C (42%)

Vandið frágang á svörum og notið viðeigandi línurit þar sem það á við.

10. (12%) Gerið grein fyrir hvernig ólík skipan gengismála hefur áhrif á virkni stefnunnar í ríkisfjármálum og peningamálum.

11. (10%) Gerum ráð fyrir að höftin hafi verið afnumin af fjármagnsviðskiptum, að almenn hagskilyrði séu í eðlilegu horfi og gengi myntarinnar ráðist af framboði og eftirspurn á innlendum gjaldeyrismarkaði. Almennt er búist við að Seðlabankinn muni á næstunni tilkynna hækkun vaxta á lánum gegn veði í viðskiptum við bankana.

Hvað teljið þið líklegt að gerist á innlendum gjaldeyrismarkaði í ljósi þessara væntinga? Notið mynd af hlutaðeigandi markaði til að rökstyðja svarið.

12. (20%) Gerið grein fyrir eftirfarandi tveimur hugtökum með því að nota líkan heildarframboðs og heildareftirspurnar:

1. Verðbólguhrúfa, þ.e. þegar verðbólga eykst í sífellu (e. inflationary spiral).  
Ábending: Byrjið t.d. með þá aðstöðu að stjórnvöld vilji örva hagvöxt, t.d. með auknu peningaframboði.
2. Kreppuverðbólga (e. stagflation).

Athugið að heildareftirspurn er oft táknuð með HE (e. AD) og heildarframboð með HF (e. AS).